



SVIPMYND Kathryn Elizabeth Gunnarsson stofnandi Geko

Áreiti og fordómar mein í samfélaginu

Kathryn á sér merkilega sögu en hún fluttist til Íslands árið 2016 með manni sínum og tveimur dætrum og kvaddi um leið gott starf í Lundúnum. Hún segir það hafa verið erfiða ákvörðun að flytja, en hjónin vildu ala dætur sínar upp á Íslandi. Við komuna til landsins fann Kathryn að vöntun á tengslaneti stóð henni fyrir þrifum þrátt fyrir að hún byggði að mikilli reynslu af alþjóðlegum ráðningum, en henni tókst að ná fótfestu, fann að lokum starf og stofnaði loks eigið fyrirtæki, Geko, árið 2020.

Vorið 2019 var hún á leið heim úr bænum þegar ókunnugur maður nauðgaði henni og segir Kathryn að eftir það hafi hún upplifað að hún þyrfti að endurheimta stjórn á eigin lífi. Hún leitaði inn á við í leit að styrk og naut að auki stuðnings frá sínum nánustu, og segir hún að það að koma Geko á laggirnar hafi verið hluti af heilunarferlinu.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrinum þessi misserin?

Geko sérhæfir sig í því að vinna innan tækni- og frumkvöðlageirans, en það er mikil vöntun á hæfileikaríku fólki í lykilstöður hérlendis. Það er áskorun sem við tökumst á við þegar við styðjum skjólstaðinga okkar við að byggja upp teymi sín.

Kjarni nálgunar okkar snýst um jafnrétti, fjölbreytileika og inngilding, en við veljum að vinna með fyrirtækjum sem skapa vinnustaði án aðgreiningar þar sem allir sem vinna þar upplifa vellíðan og að þeir geti mætt sem þeir sjálfir til vinnu.

Hver var síðasta ráðstefnan sem þú sóttir?



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Kathryn kveðst m.a. hafa styrkt tengslanetið í gegnum FKA en þar leiðir hún sérstakan hóp helgaðan konum af erlendum uppruna.

HIN HLIÐIN

STÖRF: Sölu- og markaðsstjóri hjá Uplands Mobile; útíbússtjóri hjá HFC Bank (hluti af HSBC) 2003 til 2007; ráðgjafi hjá Michael Page 2007 til 2009; yfirmaður mannauðsmála hjá Leon Max 2009 til 2011; yfirmaður mannauðsmála hjá Saffron Digital 2010 til 2014; yfirmaður mannauðsmála hjá Spencer Ogden í London 2014 til 2016; ráðgjafi hjá TeqHire 2016 til 2020. Stofnaði í febrúar 2020 ráðninga- og ráðgjafarfyrirtækið Geko sem sérhæfir sig í tækni-, nýsköpunar- og frumkvöðlageiranum á Íslandi.

FJÖLSKYLDUHAGIR: Ég kynntist manningum mínum, Valtý Gauta Gunnarssyni, árið 2011 og við gengum í hjónaband 2012. Hann starfar við tækniráðgjöf hjá HOS. Við eigum tvær dætur: Freyju Sunnu og Svönu Ásdísi.

Síðasta ráðstefnan sem ég mætti á var Mannauðsdagurinn í október síðastliðnum. Þetta er ráðstefna sem ég hef mætt á frá því að ég flutti til landsins. Ég man þegar að ég mætti í fyrsta skiptið 2016 þá þekkti ég engan

og var ekki hluti af mannauðssamfélagi landsins. Mér leið eins og ég ætti ekki heima meðal þessa hæfileikaríka fólks sem tilheyrði allt sama sterka tengslanetinu. Ég upplifði að ég væri mjög einangruð þann dag.

En sex árum síðar leið mér allt öðruvísi en ég gerði mér grein fyrir því hversu mikið ég hef þroskast sem persóna og faglega frá því að flytja til Íslands. Nú þekki ég svo marga, fyrirtækið sem ég stofnaði átti stóran þátt í ráðstefnunni, og deginum var eytt í faðmlög og djúpar samræður við fólk sem tilheyrir tengslaneti mínu og ég kalla vini og jafningja. Ég fann fyrir raunverulegu þakklæti er ég sá hversu vel mér hefur tekist að byggja frama minn og halda áfram með starfsþróun mína frá komu til landsins.

Hvernig heldurðu þekkingu þinni við?

Ég er lestrarhestur, hlusta á mikið af hláðvörpum og stunda mikið nám á netinu. Ég hef dálæti á því að heyra sögur annarra og finna leiðir til þess að tengjast fólki til að skilja betur heimssýn þess og lífsreynslu.

Nýlega kláraði ég einnig námskeið á netinu hjá London School of Economics og fékk vottun við stafræna umbyltingu mannauðsstjórnunar. Það var mjög fróðlegt námskeið og dýpkaði skilning minn á því hvernig við nýtum stafræna tækni til að betrumbæta vinnustaði okkar og starfsþróun.

Hvaða lögum myndirðu breyta ef þú værir einráð í einn dag?

Þetta er auðveld spurning fyrir mig eftir þriggja og hálfis árs baráttu við íslenska réttarkerfið sem virðist hannað til að vernda gerendur frekar en færa þolendum réttlæti. Í hverju skrefi þurfti ég að takast á við nýjar áskoranir án stuðnings frá hinu opinbera.

Ef ég fengi þessi völd myndi ég endurskapa kerfið frá grunni.

Það virkar ekki í núverandi mynd og ýtir undir frekari áföll fyrir þolendur sem þurfa að fíkra sig í gegnum það. Það þarf að ráða fram úr samskiptaleysinu, gera ferla auðveldari og endurskoða dómskerfið í heild sinni til að færa Ísland inn í framtíðina og gera landið að alþjóðlegum leiðtoga í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn minnihlutahópum.

Þar að auki myndi ég vilja sjá samfélagið breyta viðhorfi sínu gagnvart fólki sem á erlendan uppruna en kys að setjast að á Íslandi. Ég tel þetta vera samfélagsvanda sem leiði til mismununar, áreitis og kynþáttafordóma. Þetta sést til dæmis í athugasemdakerfum fjölmiðla þar sem margir (en alls ekki allir) Íslendingar láta í ljós skoðun sína á því hvort erlent fólk sé velkommið hér á landi.

Því miður eru áreiti og kynþáttafordómar algeng mein í samfélaginu. Ef við gætum breytt hugarfari fólks væri það stórt og jákvætt skref. Ég les gjarnan í kommentum að innfæddir vilji ekki að Ísland breytist, eða að útlendingar sem fæðist á Íslandi hafi neikvæð áhrif á samfélagið. Staðreyndin er hins vegar sú að Ísland hefur sífellt verið í breytingu frá landnámi; ef það væri ekki raunin byggju Íslendingar enn í torfbæjum. Fólkið í samfélaginu ætti að sameinast um að styðja við bakið hvert á öðru til þess að þróast áfram á jákvæðan hátt. Þannig má skapa framsækna og farsæla framtíð fyrir Ísland, sem myndi gera landið leiðandi á alþjóðavísu sem það fjölmenningsamfélag sem það getur orðið.